



Varðandi: Fæði starfsmanna Akraneskaupstaðar (matarmiðar)
Málsnúmer: 2105089
Dagsetning: 18. maí 2021

TILLAGA:

Lagt er til við bæjarráð að samþykkja hækkun á verðgildi matarmiða starfsmanna Akraneskaupstaðar í kr. 1.750. Samhliða því er lagt til að bæjarráð samþykki að breytingin taki gildi frá 1. maí 2021.

GREINARGERÐ: Núgildandi reglur um notkun matarmiða hjá Akraneskaupstað eru frá 1. mars 2019 en verðgildi miðanna var síðast samþykkt af bæjarráði þann 23. mars 2019 og er í dag kr. 1.600. Þróun á verðgildi matarmiðans hefur verið eftirfarandi frá árinu 2010:

- kr. 1.090 á árunum 2010 til og með 2013.
- kr. 1.300 frá 2. febrúar 2014 til og með 2017.
- kr. 1.500 frá 1. janúar 2018 til 28. febrúar 2019.
- kr. 1.600 frá 1. mars 2019 til dagsins í dag.

Reglur kjarasamninga um fæði og mötuneyti gera ráð fyrir eftirfarandi:

- Mötuneyti sé til staðar og starfsmenn greiði efnisverð matarins en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.
- Þar sem ekki er aðgangur að matstofu skal reynt að tryggja starfsmönnum aðgang að nærliggjandi mötuneyti.
- Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í b. lið skulu starfsmenn greiða kr. 695 kr. fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar 2021 og tekur fjárhæðin breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjarvörulið í vísitölu neysluverðs.

Varðandi lið c. þá er það eingöngu hlutur starfsmannsins sem hækkar samkvæmt vísitölu en ekki hlutur vinnuveitanda sem verður að teljast óheppilegt og eðlilegra að sama regla gildi um báða aðila ef þessi leið er á annað borð valin sem viðmið. Hlutur starfsmanns hefur hækkað frá árinu 2019 um 52 krónur eða 8,09%.

Við gerð fjárhagsáætlunar var ekki gerð sérstök tillaga um hækkun verðgildis matarmiðans en ljóst er að taka þarf tillit til hækkunar í samræmi við aðrar verðlagshækkanir.




Erfitt er að áætla nákvæma útgjöld samkvæmt þessum lið enda ræðst það af því hversu margir kjósa að nýta sér fyrirkomulagið. Hins vegar hefur þróunin verið sú að vinsælt er meðal starfsmanna að nýta sér þetta tilboð og hefur tölvuvert gildi með hliðsjón af starfsánægju og góð fjárfesting í þeim skilningi.

Þeir þjónustuaðilar sem taka þátt í þessu hér á Akranesi hafi sett sig í samband við sviðsstjóra stjórnslu- og fjármálasviðs og ítrekað að þörf fyrir hækkun enda hafa þeir líkt og aðrir þjónustuaðilar þurft að mæta hækkun kostnaðarliða sín megin frá og tekur bæði til launa sem og aðfanga. Þeirra óskir erum hækkun eru mismunandi en undirritaður hefur vissu fyrir að þeir munu fallast á þá hækkun sem lögð er til hér en hækkunartillagan tekur mið af verði matarbakka veitingastaða og auðveldar mjög afgreiðslu til stofnana bæjarins við að hafa verðgildi matarmiðans í samræmi við það verð.

Varðandi mögulegan kostnaðarauka Akraneskaupstaðar er lagt til að fylgst verði vandlega með umræddum tegundarlykli og e.a. gerðar viðeigandi ráðstafanir í viðauka eða send tímanlega skilaboð til stjórnenda til samræmis við þróunina þannig að gæta þurfi aðhalds á öðrum kostnaðarliðum eins og hægt er til að mæta auknum kostnaði.

Með vísan til framanritaðs gerir sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst,



Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs